

## Fréttir og tilkynningar

Þegar Jörð.is er opnuð og viðkomandi skráir sig þar inn í fyrsta sinn blasa við fréttir og tilkynningar:

Fréttir | Tilkynningar
Síður ▾

29. febrúar 2016 11:51  
**Niðurstöður hefningagreininga frá Efnagreiningu ehf**  
 Í síðustu viku voru niðurstöður hefningagreininga frá Efnagreiningu ehf. lesnar hér inn í Jörð.is. Mikilvægt er að bændur tengi saman niðurstöður efnagreininga og spildur þar sem því er við komið svo að niðurstöðurnar geti verið hluti af skýrsluhaldi hvernar spildu og nýtast þannig t.d. við ákvarðanatöku um ákjósanlega áburðargjöf.

20. janúar 2016 14:13  
**Niðurstöður hey og jarðvegsefnagreininga**  
 Nú hafa niðurstöður jarðvegsefnagreininga sem bændur fengu greint hjá Efnagreiningu ehf verið lesnar inn hjá viðkomandi búi hér á Jörð.is. Einnig hafa niðurstöður hefningagreininga frá BLGG verið lesnar inn.

Síður ▾

- Spildur
- Áburðaráætlun
- Ástand
- Uppskera
- Heysýni
- Jarðvegssýni
- Tilbúinn áburður
- Búfjáráburður
- Fréttir
- Sendu athugasemdir
- Útskrá

Aðalvinnsluflipi forritsins er staðsettur efst í hægra horni þessarar síðu. Þar er hnappurinn „síður“ og sé músabendill staðsettur yfir þessum flipa opnast tækjastika forritsins. Þar sjást allar helstu síður sem forritið býður upp á.

Í þeim tilfellum sem búið er að skrá einhver atriði fram í tímann í forritinu, t.d. áætluð ræktun á árinu eða áætluð búfjáráburðargjöf og sá dagur sem áætlunin byggði á er runninn upp þá kemur eftirfarandi tilkynning á upphafssíðunni:

Fréttir | Tilkynningar | **Þú átt óstaðfestar áætlanir**

Sé smellt á rauðletraða textann er hægt að gera grein fyrir því hvað raunverulega var framkvæmt og það sem var áætlað staðfest eða breytt.

## Spildur

Efst á tækjastiku er flipinn „Spildur“ og sé smellt á hann opnast yfirlitssíða fyrir allar spildur á búinu svo fremi sem þær hafi verið teiknaðar inn í Túnkortagrunn Bændasamtakanna eða þær grunnskráðar í Jörð.is án tengingar við kort. Hægt er að opna kortasjá með því að smella á hnappa merka Íslandi. Sé smellt á hnappinn sem er efst í valmynd opnast kortasjá þar sem sýndar eru allar spildur sem teiknaðar hafa verið en sé smellt á Íslandshnappinn í spildulistanum kemur upp mynd þar sem eingöngu viðkomandi spilda er sýnd teiknuð.

Spildur 
Síður ▾

Nýskrá Breyta mörgum spildum

Auðkenni	Stærð (ha.)	Grunnfrjósemi	Uppsöfnun búfjáráburðar	Ræktun	Jarðvegur	Nýr.ár	Endurr.ár	Landúmer	Aðgerðir
1 - A	0,3							900010	  
1 - Úttún	1,8			Grænfóður	Móar		2012	900010	  
1 Úttún Grænf	0,7							900010	  
2 - Niðurtún	1,8							900010	  
3 - Framtun	2,5			Tún				900010	  
4 - fjarhustun	0,9			Tún				900010	  
6 - kviablettur	0,4			Tún			2008	900010	  

Þeir sem hvorki hafa látið teikna túnakort né endurræktað síðustu ár geta þó notað forritið eigi þeir gömul túnakort. Þeir hafa hinsvegar ekki aðgang að kortasjánni. Þá þarf að byrja á að nýskrá allar spildur með því að smella á „nýskrá“ efst í vinstra horninu á síðunni.

Þarna skal skrá inn númer á spildu og stærð, önnur skráning er valkvæð. Best er að skrá spildurnar eftir raðnúmerum og láta ekki fleiri en eina spildu hafa sama númer. Óráðlegt er að hafa margar spildur með sama númeri og aðskilja þær með bókstaf (dæmi: 5a, 5b og 5c). Hægt er að skrá nafn spildunnar sem og ýtarlegri upplýsingar sé áhugi fyrir

Því. Einnig er þar hægt að gera grein fyrir „tengdum“ spildum en það eru þær spildur sem einhverra hluta vegna hafa sameiginlega ræktunarsögu. T.d. þegar hluti af spildu er tekinn undir grænfóðurrækt, þá er búin til sérstök spilda fyrir þá ræktun. Þessar tvær spildur eiga þannig að vera tengdar.

Öll ræktun sem tekin hefur verið út síðustu ár kemur sjálfkrafa inn með upplýsingum um nýræktarar eða endurræktunarár/græn fóður/korn eða annað. Spildur og akkrar sem komið hafa inn við úttekt eru gjarnan númeraðar með talnarunu og er ástæðan fyrir því sú að umsókn hefur ekki fylgt númer á viðkomandi spildu, því fer hún inn í kerfið ónúmeruð. Hægt er að breyta þessari talnarunu með því að smella á aðgerðarhnapp sem sýnir blað og blíant.

Þegar spildur hafa verið skráðar kemur upp listi yfir þær jafnóðum. Þá er hægt að bæta við upplýsingum um spildurnar eða breyta upplýsingum með því að smella á hnappinn sem sýnir blað og blíant, undir liðnum „Aðgerðir“. Sé ætlunin að bæta við upplýsingum sem eiga við um fleiri en eina spildu, sem dæmi upplýsingum varðandi jarðvegsgerð eða framræslu, er hægt að velja „Breyta mörgum spildum“ og færa þar inn upplýsingarnar með einni aðgerð í stað þess að færa inn á hverja spildu fyrir sig.

Grunnur allrar vinnu í Jörð.is er að búið sé að skrá inn á einn eða annan hátt allar spildur sem vinna á með. Ef á listanum eru spildur sem ekki er fyrirhugað að nýta skal taka hak af hnappnum „virk“ og hverfur þá viðkomandi spilda úr valmyndinni. Hún birtist þó neðar á síðunni sem óvirk spilda. Sömu aðferð skal nota til að gera spildur virkar aftur.

## ▼ Óvirkar spildur

Auðkenni	Stærð (ha.)
16 - Draughóll	0,8
17 - Hrosshagi	0,7

Mikilvægt er að hafa í huga að allar spildur sem eru teiknaðar í Túnkortagrunn Bændasamtakanna eru tengdar við landnúmer og kemur það fram á síðunni hvert það er og heiti jarðarinnar birtist þegar músin er höfð yfir landnúmerinu. Ráðunautar geta með einföldum hætti fært spildur á milli búa án þess að landnúmerinu sé breytt. Nýting og skráning á upplýsingum um spildur á öðrum jörðum, hvort heldur sem er tímabundið eða varanlega er því ekki vandamál í Jörð.is.

Þegar skráningu á öllum spildum, númerum þeirra og stærð er lokið er hægt að hefja vinnu við ýmsa skráningu í forritinu jörð.is.

Athugið að með því að smella á nafn og númer spildunnar er hægt að nálgast allar upplýsingar á sama stað um viðkomandi spildu.